

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2019

Framtakssjóður Íslands slhf.
Lágmúli 9, 7. hæð
108 Reykjavík
kt. 651109-0510

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Skýrsla stjórnar

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. er fagfjárfestastjóður sem var stofnaður í lok árs 2009 og var tilgangur sjóðsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum. Nýfjárfestingatímabili sjóðsins lauk í febrúar 2015 en áætlað er að starfsemi sjóðsins standi til ársins 2021. Frá því eiginleg starfsemi sjóðsins hófst sumarið 2010 var fjárfest í níu íslenskum fyrirtækjum með starfsemi í ýmsum atvinnugreinum á alþjóðavísu. Farið var í umfangsmiklar aðgerðir til að auka verðmæti eigna sjóðsins með umbreytingum eigna m.a. í formi stefnumótunar, innleiðingu góðra stjórnarháttá, rekstrar- og fjárhagslegrar endurskipulagningar sem og uppskiptingar á eignum. Núverandi starfsemi sjóðsins er umsýsla og utanumhald á eignum dótturfélaga sjóðsins sem og eftirfylgni vegna ábyrgða og krafna í tengslum við sölu eignarhluta.

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Hagnaður Framtakssjóðs Íslands slhf. á árinu 2019 nam 1.240 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins 1.706 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er 1.696 milljónir króna. Eiginfjárhlutfallið er um 99,4%. Eins og fram kemur í skýringu nr. 4 þá er það mat sjóðsins að áætlað gangvirði eignarhluta í öðrum félögum sé 2.468 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er 1.396 milljónir króna. Engin ársverk eru hjá sjóðnum. Innan sjóðsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem sjóðurinn býr við. Helstu áhættuþættir koma fram í skýringu nr. 9.

Á árinu greiddi Framtakssjóður Íslands 2.400 milljónir króna arðgreiðslu til eigenda sinna.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 17. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi: Lífeyrissjóður verslunarmanna 19,9%, Landsbankinn hf. 17,7%, Gildi lífeyrissjóður 16,5%, Birta lífeyrissjóður 14,4%, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 8,5%, LSR A-deild 7,4%, Festa lífeyrissjóður 2,8%, Brú lífeyrissjóður 2,8%, Almenni lífeyrissjóðurinn 2,3% og Lífeyrissjóður bankamanna aldursdeild 2,0%.

Stjórn félagsins gerir tillögu um að greiddur verði arður til hluthafa að fjárhæð 1.600 milljónir króna en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins og ráðstöfun hagnaðar. Stjórn félagsins áformar að leggja fram tillögu á aðalfundi að hlutfé verði lækkað með greiðslu til hluthafa.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands slhf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2020

I stjórn


Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarmaður

Framkvæmdastjóri


Guðmundur Kjartansson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) slhf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Framtakssjóðs Íslands slhf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. mars 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Vaxtatekjur og arður	3	2.184.290.683	339.297.799
Matsbreyting eignarhluta	4	(911.511.888)	238.931.046
		<u>1.272.778.795</u>	<u>578.228.845</u>
Rekstrargjöld:			
Umsýsluþóknun		(32.739.006)	(169.596.528)
Annar rekstrarkostnaður		(464.748)	(13.421.715)
		<u>(33.203.754)</u>	<u>(183.018.243)</u>
Hagnaður ársins		<u>1.239.575.041</u>	<u>395.210.602</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12 2019	31.12 2018
Fjárfestingar			
Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði	4	1.395.873.794	2.307.385.682
		<u>1.395.873.794</u>	<u>2.307.385.682</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	5	0	238.931.046
Handbært fé	5	310.134.467	315.758.236
		<u>310.134.467</u>	<u>554.689.282</u>
Eignir		<u>1.706.008.261</u>	<u>2.862.074.964</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	6	5.058.541	5.058.541
Lögbundinn varasjóður		1.264.635	1.264.635
Óráðstafað eigið fé		1.689.726.695	2.850.151.654
		<u>1.696.049.871</u>	<u>2.856.474.830</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við tengd félög	8	9.567.390	3.659.759
Aðrar skammtímaskuldir	7	391.000	1.940.375
		<u>9.958.390</u>	<u>5.600.134</u>
Skuldir		<u>9.958.390</u>	<u>5.600.134</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.706.008.261</u>	<u>2.862.074.964</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.239.575.041	395.210.602
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:			
Matsbreyting eignarhluta	4	911.511.888	0
Veltufé frá rekstri		<u>2.151.086.929</u>	<u>395.210.602</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Rekstrartengdar eignir, (hækkun), lækkun		238.931.046	(80.060.084)
Rekstrartengdar skuldir, lækkun (hækkun)		4.358.256	2.334.626
Handbært fé frá rekstri		<u>2.394.376.231</u>	<u>317.485.144</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt fjárfestingaverðbréf		0	(375)
Krafa vegna lækkunar hlutafjár Icelandic Group ehf.		0	11.223.000.000
		<u>0</u>	<u>11.222.999.625</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Greiddur arður	6	(2.400.000.000)	(11.700.000.000)
		<u>(2.400.000.000)</u>	<u>(11.700.000.000)</u>
Lækkun handbærs fjár		(5.623.769)	(159.515.231)
Handbært fé í upphafi árs		315.758.236	475.273.467
Handbært fé í lok ársins		<u>310.134.467</u>	<u>315.758.236</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Framtakssjóður Íslands slhf. var stofnaður á árinu 2009 og er fagfjárfestastjóður um sameiginlegar fjárfestingar sem stendur eingöngu fagfjárfestum til boða sbr. lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði. Tilgangur félagsins er að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Framtakssjóður Íslands slhf. er samlagshlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar. Ábyrgðaraðili FSÍ slhf. er FSÍ GP hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að markaðsbréf eru færð á gangverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Vaxtatekjur og arður

Arður og vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Umsýsluþóknun

Framtakssjóður Íslands slhf. greiðir til Framtakssjóðs Íslands GP hf. umsýsluþóknun í samræmi við skilmála félagsins. Umsýsluþóknuninni er ætlað að standa straum af útlögðum kostnaði er fellur til við rekstur Framtakssjóðs Íslands GP hf. að frádregnum öðrum rekstrartekjum.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og tekjuskattur því ekki færðar í ársreikninginn.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði eru eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Eignarhlutarnir eru metnir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun ef við á.

Skýringar

3. Vaxtatekjur og arður

	1.1 - 31.12 2019	1.1 - 31.12 2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	1.730.404	1.088.746
Aðrar vaxtatekjur	24.637.171	42.876.986
Arður af hlutabréfaeign	2.151.557.541	295.244.866
Gengismunur á gjaldeyrisreikningi	6.365.567	87.201
	<u>2.184.290.683</u>	<u>339.297.799</u>

4. Eignarhlutar í félögum

	1.1 - 31.12 2019	1.1 - 31.12 2018
Eignarhlutar í félögum færðir á kostnaðarverði:		
Staða í ársbyrjun	2.307.385.682	2.307.385.307
Keypt á árinu	0	375
Selt á árinu	0	(38.931.046)
Leiðrétt vegna ákvæða í samningi um Advania	0	(200.000.000)
Matsbreyting eignarhluta: lækkað kostnaðarverð vegna móttækis arðs	(911.511.888)	0
Innleystur söluhagnaður	0	238.931.046
Kostnaðarverð í lok ársins	<u>1.395.873.794</u>	<u>2.307.385.682</u>
	<u>Hlutdeild %</u>	<u>Nafnverð</u>
Yfirlit yfir eignarhluta í félögum á kostnaðarverði:		
Eignarhlutar í Icelandic Group ehf.	100,0%	113.845.892
Eignarhlutar í IEI II ehf. (áður Promens hf.)	100,0%	5.066.981 EUR
Eignarhlutar í Invent Invest ehf. (áður Invent Farma hf.)	40,8%	110.714 EUR

Félagið færir eignarhluti sína í dóttur- og hlutdeilarfélögum á kostnaðarverði í samræmi við heimildarákvæði 40. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. einnig ákvæði 70. gr. sömu laga.

Félagið hefur lagt mat á virði eignarhluta sem það hefur fjárfest í. Félagið styðst við leiðbeiningar IPEV um verðmat (International Private Equity and Venture Capital Investor Valuation Guidelines). Virði eignarhluta í félögum sem eru með undirliggjandi eignir í skráðum verðbréfum á markaði eru metin miðað við markaðsverð þeirra eigna en aðrir eignarhlutar eru metnir á áætluðu gangvirði (Fair Value). Gangvirðismatið er framkvæmt á þann hátt að aflað var mats á upplausnarverði þeirra eigna sem ekki voru skráðar á markaði. Það er mat félagsins að áætlað gangvirði þessara eigna í árslok 2019 sé um 2.468 milljónir króna, en bókfært verð sömu eigna er 1.396 milljónir króna. Áætlað gangverð eignanna var um 4.482 milljónir í árslok 2018.

Gangvirðismat er háð utanaðkomandi áhættuþáttum svo sem breytingu á gengi gjaldmiðla, vaxtastigi, skatthlutfalli, flökti í arðsemi hlutabréfa og markaðsálagi.

5. Peningalegar eignir

Skammtímakröfur

	31.12 2019	31.12 2018
Krafa vegna lækkunar hlutafjár	0	38.931.046
Krafa vegna hækkunar á samningsverði við sölu á eignarhluta í Advania	0	200.000.000
	<u>0</u>	<u>238.931.046</u>

Handbært fé

	31.12 2019	31.12 2018
Markaðsverðbréf	309.636.169	313.078.923
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	487.391	2.678.966
Óbundnar bankainnstæður í erlendra mynt	10.907	347
	<u>310.134.467</u>	<u>315.758.236</u>

Skýringar

6. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 5.058.541 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2018	5.058.541	1.264.635	14.154.941.052	14.161.264.228
Greiddur arður			(11.700.000.000)	(11.700.000.000)
Hagnaður ársins			395.210.602	395.210.602
Eigið fé 1.1.2019	5.058.541	1.264.635	2.850.151.654	2.856.474.830
Greiddur arður			(2.400.000.000)	(2.400.000.000)
Hagnaður ársins			1.239.575.041	1.239.575.041
Eigið fé 31.12.2019	5.058.541	1.264.635	1.689.726.695	1.696.049.871

Hluthafar:

		Hlutfé alls	Hlutdeild í eigin fé
Lífeyrissjóður verslunarmanna	19,9%	1.006.834	337.575.710
Landsbankinn hf.	17,7%	894.999	300.079.302
Gildi lífeyrissjóður	16,5%	834.002	279.627.866
Birta lífeyrissjóður	14,4%	730.301	244.858.697
Söfnunarsjóður lífeyrissjóðum	8,5%	431.173	144.565.459
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	7,4%	371.972	124.716.594
Festa lífeyrissjóður	2,8%	139.489	46.768.381
Brú lífeyrissjóður	2,8%	139.489	46.768.381
Almenni lífeyrissjóðurinn	2,3%	116.881	39.188.271
Lífeyrissjóður Bankamanna aldursdeild	2,0%	98.696	33.091.287
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,7%	88.003	29.506.149
Lífsværk	1,1%	55.796	18.707.483
Íslenski lífeyrissjóðurinn	1,0%	51.024	17.107.412
Eftirlaunasjóður FÍA	0,8%	39.057	13.095.181
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,6%	29.571	9.914.753
VÍS hf.	0,6%	27.898	9.353.731
Framtakssjóður Íslands GP hf.	0,1%	3.356	1.125.214
		5.058.541	1.696.049.871

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreiddur kostnaður	391.000	1.940.375
	391.000	1.940.375

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Framtakssjóður Íslands GP ehf. er ábyrgðaraðili Framtakssjóðs Íslands slhf. og ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir hluthafar bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga.

Viðskipti við tengd félög árið 2019:

	Gjöld	Tekjur	Eignir	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	32.739.006	0	0	9.567.390
	32.739.006	0	0	9.567.390

Viðskipti við tengd félög árið 2018:

	Gjöld	Vaxtatekjur	Eignir	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	169.596.528	0	0	3.659.759
Invent Invest ehf., hlutdeildarfélag			38.931.046	0
	169.596.528	0	38.931.046	3.659.759

9. Áhættustýring

Stjórnendur félagsins fylgjast með þeirri áhættu sem steðjar að undirliggjandi eignum félagsins. Þetta eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

Félagið býr við markaðsáhættu vegna gengis hlutabréfa á mörkuðum og virði eignarhluta við sölu. Í skýringu nr. 4 kemur fram bókfært virði þessara eigna og áætlað gangvirði þeirra.

Félagið hefur ekki gert afleiðusamninga en býr við vaxtaáhættu sem sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan snýr að peningalegum eignum félagsins en er einnig fölgín í framtíðarsjóðflæði undirliggjandi eigna í þeim félögum sem félagið hefur fjárfest í.

Félagið býr við gjaldmiðlaáhættu aðallega vegna sjóðflæðis undirliggjandi eigna.

10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 16. mars 2020.

11. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	1.1 - 31.12 2019	1.1 - 31.12 2018
Arðsemi		
Hagnaður ársins	1.239.575.041	395.210.602
Úr efnahagsreikningi:	31.12 2019	31.12 2018
Fjárhagslegur styrkur		
Innra virði hlutafjár - Eigið fé/hlutafé	335,28	564,68
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/Skuldir og eigið fé	99,42%	99,80%